

## 7. fundur stjórnar AP, starfsárið 2016-2017

haldinn í Kiðagili í Bárðardal þriðjudaginn 28. mars 2017 kl. 15:00

Mætt: Aðasteinn Árni Baldursson, Björn Víkingur Björnsson, Guðmundur Vilhjálmsson, Sif Jóhannesdóttir og Elías Pétursson í Skype sambandi. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

### Á fundi gerðist þetta:

Formaður, Sif Jóhannesdóttir, setti fund og stjórnaði honum.

### 1. Samtal við frumkvöðla/rekstrarðaila á svæðinu

Á fundinn komu Garðar Jónsson á Stóruvöllum og Guðrún Tryggvadóttir í Svartárkoti og sögðu frá þeim rekstri sem þau standa að á svæðinu.

Garðar gerði grein fyrir upphafi starfseminnar sem rekja má frá 1992 þegar fyrstu tilraunir hófust með framleiðsluna. Formlega var svo fyrirtækið Stóruvellir ehf. stofnað 1995 og hefur framleiðslan vaxið jafnt og þétt. Í dag er verið að vinna úr 45-50 tonnum af mör sem skiptist þannig að um 1/3 fer í hamsatólgina en 2/3 í kertaframleiðsluna. Kertin fást í flestum stórmörkuðum landsins þau þeim sé haldið mismikið á lofti þar. Starfsemin skapar 3 - 4 ársstörf en flestir eru starfsmenn í hausttörninni eða 5 en á öðrum árstímum 2. Helstu áskoranir í rekstrinum snúa að veikum innviðum, slæmu ástandi vega og gagnaflutningum. Þá er fjarlægð frá megin markaðssvæðinu kostnaðarsöm en fyrirtækið sér sjálf um að koma vörum sínum í dreifingarstöð á sv-horninu.

Guðrún sagði frá starfseminni í Kiðagili sem að mestu er bundinn við tímamann frá júní – september. Þar eru nú 17 gistiherbergi, þar af 5 með sér baði. Samhliða gistingunni er rekinn almennur veitingastaður og svo landsfræg sunnudagskaffihlaðborð. Starfsemin gengur vel og hefur verið vaxandi og er nýting góð en starfsmenn eru um 10 yfir rekstartímamann. Megin hluti viðskiptavinanna eru ferðamenn sem eru á svæðinu og svo heimamenn. Umferðin um Sprengisand er ekki ráðandi þáttur í starfseminni þó vissulega muni um hana. Ástand vegakerfisins er helsta hindrunin í rekstrinum og veldur því að staðurinn fær mun lakari umsögn ferðamanna en ella.

Guðrún gerði einnig grein fyrir verkefninu *Svartárkot – menning og náttúra* sem snýst um námshópa á vegum erlendra háskóla sem koma í námsferðir af ýmsu tagi, s.s. á sviði náttúruvísinda en breiddin í hópunum hefur verið að aukast. Þá sagði hún einnig frá gönguferðaverkefni sem felur í sér eins til tveggja til þriggja daga gönguferðir með áherslu á fræðslu um jarðfræði, náttúrufar og menningu og sögu á gönguleiðunum.

Að lokum var rætt vítt og breitt um ástand vegamála á svæðinu sem hefur bein áhrif á búsetugæði og möguleika atvinnulífs til þróunar og vaxtar. Uppbygging nútíma vegakerfis í dalnum er löngu tímabær og þá myndi uppbygging vegar um Sprengisand opna nýja möguleika til þróunar og vaxtar.

Garðari og Guðrúnu þakkað fyrir áhugaverðar upplýsingar og umræður.

## 2. Þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða

Fyrir liggur í tölvupósti erindi frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis þar sem félaginu er gefinn kostur á að senda inn athugasemdir vegna tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða sem byggir á lokskýrslu verkefnisstjórnar 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar 2013-2017.

Málið rætt og ljóst að skoðanir stjórnarmanna til þess að virkjanakostir og landsvæði séu flokkuð í orkunýtingarflokk eða verndarflokk, í stað biðflokks, án þess fullnaðarmats sem lög nr. 48/2001 um verndar- og orkunýtingaráætlun áskilja, eru skiptar. Fyrir liggur að verkefnisstjórn sem falið var að meta einstaka kosti var ekki gefinn sá tími sem nauðsynlegur hefði verið í ljósi þeirra matsþátta sem 4. mgr. 3. gr. laganna áskilur að metnir skuli. Þannig reyndist einungis unnt að meta með fullnægjandi hætti verndargildi þeirra staða/svæða sem til umfjöllunar voru. Vegna faglegra annmarka var ekki talið unnt að leggja mat á önnur efnahagsleg áhrif nýtingar en þau sem snúa að ferðaþjónustu ásamt því að mat var lagt á áhrif á beitarafnot og veiðihlunnindi. Þá var talið að rannsóknir á samfélagslegum áhrifum nýtingar væru ekki á því stigi að unnt væri að leggja þær til grundvallar matinu. Sú túlkun verkefnisstjórnarinnar á lögnum að samfélagslegir og hagrænir þættir geti ekki haft áhrif á flokkun svæða í verndarflokk stenst hins vegar ekki að mati stjórnarinnar enda skýrt í 1. mgr. 6. gr. laganna að í verndarflokk skuli setja landsvæði sem rétt sé að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu að teknu tilliti til sjónarmiða sem fram koma í 4. mgr. 3. gr. laganna en þar er einmitt áskilið að matið skuli byggja á öllum þremur þáttum sjálfbærrar þróunar (umhverfi, efnahagur, samfélag) .

Á starfssvæði félagsins eru tvö svæði og samtals fimm virkjanakostir teknir í „nýja afgreiðslu“ eins og það er skilgreint í lokaskýrslu verkefnisstjórnarinnar. Um er að ræða vatnasvið Skjálfafljóts og fjóra skilgreinda virkjanakosti þar og er svæðið allt, og þar með umræddir virkjanakostir, flokkað í verndarflokk. Fremrinámar og virkjanakostur þar er svo flokkaður í orkunýtingarflokk.

Að mati stjórnar félagsins er það afar óheppilegt að löggjafinn hafi með lögum nr. 48/2011 skapað óraunhæfar væntingar um að hlutlægt mat og fagleg aðferðafræði sem byggði á öllum þremur þáttum sjálfbærrar þróunar (umhverfi, efnahagur, samfélag) gæti legið þeirri flokkun sem áætlunin byggir á til grundvallar. Ljóst er að sá tímarammi sem löggin gefa til verksins útlókar það, eins og gerð er grein fyrir í lokaskýrslu verkefnisstjórnar 3. áfanga.

## 3. Aðalfundur MýSköpunar ehf.

Fyrir liggur boð um aðalfund MýSköpunar ehf. sem haldinn verður mánudaginn 10. apríl nk. kl. 16:00 í húsnæði Björgunarsveitarinnar Stefáns í Mývatnssveit.

Formanni falið umboð til að fara með hlut félagsins á aðalfundinum.

## 4. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að ekkert hefði enn komið út úr leit að starfsmanni í tímabundið starf til eflingar innviða fyrirtækja á svæðinu. Óskaði hann heimildar til að semja við sjálfstætt starfandi ráðgjafa um að taka verkefnið að sér.

Stjórnin samþykkir það enda verði samningur þar um lagður fyrir stjórnarmenn til staðfestingar.

Framkvæmdastjóri hefur átt í viðræðum við framkvæmdastjóra Markaðsstofu Norðurlands um vistun á starfsmanni í 50% stöðu hjá félaginu til eins árs vegna vinnu við stefnumótandi stjórnunaráætlun áfangstaða ferðamanna – svokallað DMP verkefni – á Norðurlandi. Verkið verður fjármagnað af MN í gegnum Ferðamálastofu. Stjórnin fagnar því ef unnt er að vista starfsmanninn hjá félaginu enda sé fjármögnun þess tryggð eins og kynnt er. Framkvæmdastjóra falið að ljúka nauðsynlegri samningagerð við MN og ganga frá ráðningu í starfið.

## 5. Önnur mál

- a) Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir aðkomu sinni og félagsins að forsögu og aðdraganda úthlutunar á viðbót við sértækan byggðakvóta á vegum Byggðastofnunar til Raufarhafnar. Aðkoma félagsins í upphafi verkefnisins 2013 fólst í því að vinna að nauðsynlegri samningagerð þar sem af hálfu Byggðastofnunar var lögð mikil áhersla á samstarf útgerðar- og vinnsluaðila. Í því ljósi leitaði stofnunin eftir því að félagið kannaði möguleika á samstarfi þeirra þriggja umsækjenda sem sóttu um þá viðbótarúthlutun sem var til afgreiðslu á dögnum. Eftir samtöl við umsækjendur var það niðurstaðan að ekki væru forsendur til samstarf að svo stöddu og var stofnuninni tilkynnt það. Stjórnin telur mikilvægt að félagið vinni áfram á sömu forsendum að þessu hagsmunamáli með það að markmiði að auka þær veiðiheimildir sem bundnar eru löndun og vinnslu í byggðarlaginu.
- b) Guðmundur gerði málefni Samtaka atvinnurekenda á Norðausturlandi – SANA að umtalsefni og reifaði þá hugmynd að félagið tæki að sér ákveðið markaðsstarf fyrir samtökin. Málið rætt og stjórnarmenn sammála um mikilvægi þess að samtökin næðu að efla starf sitt. Framkvæði að því að félagið tæki að sér frekari þjónustu við samtökin þyrfti hins vegar að koma frá þeim og yrði þá tekin afstaða til þess.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:10